

## Ungt fólk og lýðræði 2018

**Til** : Herdís Ingólfssdóttir Waage  
**Frá** : UMFÍ <umfi=umfi.is@mail134.wdc02.mcdlv.net>  
**Heiti** : Ungt fólk og lýðræði 2018  
**Málsnúmer** : 201802032  
**Málsaðili** : Ungmennafélag Íslands  
**Skráð dags** : 06.02.2018 12:26:06  
**Höfundur** : UMFÍ <umfi=umfi.is@mail134.wdc02.mcdlv.net>

### UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2018

UMFÍ stendur nú í níunda sinn fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er *Okkar skoðun skiptir máli!* Ráðstefnan fer fram dagana 21. - 23. mars nk. á hótél Borealis Efri- Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Á ráðstefnunni munu þátttakendur ræða stöðu sína í samfélaginu og taka frumvarp um lækkun kosningaraldurs til sveitastjórna til sérstakrar umræðu. Þátttakendur eru hvattir til að undirbúa sig fyrir ráðstefnuna, skoða stöðu ungmenna í sínu samfélagi. Hvaða breytingar vill ungt fólk sjá? Hvað finnst ungu fólki vel gert? Finnst ungu fólki tekið mark á skoðunum þeirra?

Ráðstefnan er ætluð ungu fólki á aldrinum 16 - 25 ára. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður við 80 manns eða tvo þátttakendur frá hverju ungmennaráði auk starfsmanns ef vill. Þátttakendum yngri en 18 ára þarf að fylgja með fullorðinn einstaklingur. Þáttökugjald er 15.000kr. fyrir hvern einstakling. UMFÍ styrkir ferðakostnað. Athygli er vakin á því að aðeins lággjaldafargjöld eru endurgreidd, eða ódýrasti ferðamátinn. Jafnframt er aðeins greitt fyrir þátttakendur sem þurfa að ferðast lengra en 100km aðra leið. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík á miðvikudeginum og til baka að lokinni ráðstefnu á föstudeginum. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá ferðakostnað endurgreiddan.

Ungmennaráð UMFÍ hefur veg og vanda að ráðstefnunni. Dagskrá verður með fjölbreyttu sniði og birt þegar nær dregur. Til viðbótar verður stutt spurningakönnun send út til þátttakenda fyrir ráðstefnuna.

Skráningafrestur er til 12. mars nk.

Ef eitthvað er óljóst er velkomið að senda fyrirspurn til Sabínu Steinunnar, starfsmanns ungmennaráðs UMFÍ, [sabina@umfi.is](mailto:sabina@umfi.is) eða á ungmennaráðið sjálft, [ungmennarad@umfi.is](mailto:ungmennarad@umfi.is).

---

Hægt er að smella hér til að skrá sig

Ungmennafélag Íslands - UMFÍ  
Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtún 42, 105 Reykjavík  
Sími 568-2929 | Netfang: umfi@umfi.is | www.umfi.is

Afskráning af póstlista  
Ég vil skrá mig af póstlista UMFÍ